



## Viltu nýta vinnutímann á búinu betur – spara orku og aðföng?

Síðustu ár hafa bú stækkað og þau orðið tæknivæddari. Með stærri framleiðslueiningum og breyttum búskaparháttum fjölgar þeim sem koma að vinnu á búinu annað hvort sem fastir starfsmenn eða verktakar í ákveðin verkefni. Góð verkstjórn og verkefnastjórnun er því orðin mjög mikilvægur þáttur í rekstrinum.

### Námskeið fyrir bændur í notkun skilvirkni kerfa í búrekstri

Dagana 11.-13. apríl mun Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, í samstarfi við SEGES P/S í Danmörku, standa fyrir þremur heilsdags námskeiðum í notkun á LEAN og SOP í búrekstri.


- Námskeiðin samanstanda af áhugaverðum fyrirlestrum og verklegum æfingum í fjósi.
- Notkun á LEAN og SOP er vel þekkt erlendis og miðar að auðveldari yfirsýn daglegra starfa, styttingu vinnutíma á búinu, betri tökum á rekstrinum og þar með aukinni arðsemi búsinns.
- Á námskeiðunum verður útskýrt hvað LEAN og SOP er, hvers konar hugsun felst í LEAN-kerfinu og hvernig notkun og uppsetning á SOP getur gjörbreytt vinnubrögðum á búum nú til dags.
- Rætt verður um notkun þessara kerfa til þess að auka og bæta skilvirkni á búum óháð búgreinum.

## LEAN management

„LEAN management“ er vel þekkt um allan heim í stjórnun. Aðferðafræðin hefur verið aðlöguð að búrekstri og notuð með góðum árangri m.a. í Danmörku. Í grundvallaratriðum snýst LEAN um að draga úr sóun í framleiðsluferlunum.

LEAN þýðir „tálgað“ eða „magurt“ og því er markmiðið að skapa meiri verðmæti með minni aðföngum, eða að framleiðnin sé aukin með meiri skilvirkni.

Meðal grundvallaratriða í LEAN er að öðlast skilning á virðisreikju búsinns, að búa til gott vinnuflæði og að stöðugt sé unnið að því að bæta verkferla.





## Námskeið fyrir bændur í notkun skilvirkni-erfa í búrekstri

Dagana 11.-13. apríl mun Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, í samstarfi við SEGES P/S í Danmörku, standa fyrir þremur heilsdags námskeiðum í notkun á LEAN og SOP í búrekstri.



Fyrirlesari á námskeiðunum er Vibeke F. Nielsen landsráðunautur hjá SEGES P/S í Danmörku. Sérsvið hennar er bústjórn og betri nýting framleiðslutækja.

Stefnt er að því að halda námskeiðin á eftirfarandi stöðum ef næg þátttaka fæst:

**Mánudag 11. apríl 2016: Garði, Eyjafjarðarsveit**

**Þriðjudag 12. apríl 2016: Hvanneyri, Borgarfirði**

**Miðvikudag 13. apríl 2016: Stóra Ármóti, Árnassýslu**

Fyrirlestrar verða þýddir jafnóðum auk þess sem glærur og námskeiðsgögn eru á íslensku. Námskeiðin hefjast klukkan 9.00 og lýkur klukkan 17.00.

**Verð:** 19.500 kr.

### Skráning:

Hjá Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur í síma 516 5023 eða með tölvupósti á geh@rml.is.

## SOP

SOP stendur fyrir „Standard operating procedure“ sem mætti útleggja á íslensku sem stöðluð aðferðafræði. Hér er um að ræða stuttar, hnitmiðaðar og myndrænar lýsingar á verkferlum innan búsins sem tryggir að allir starfsmenn hafi uppýsingar um hvernig vinna á verkin. Notkun á SOP flýttir einnig fyrir þjálfun nýrra starfsmanna og tryggir að afleysingafólk hafi aðgang að öllum upplýsingum sem þarf.

Dæmi um verk þar sem gott er að útbúa SOP eru t.d. mjaltir, meðferð ungkálfa, burður, beiðsliseftirlit og beiðslisgreining.

